

Bjarnastaðir á Álftanesi

Umgengisreglur – bókun á rými

Umgengisreglur þessar gilda á milli Garðabæjar og leigutaka á Bjarnastöðum. Leigutaki er sá sem hefur með höndum starfsemi í húsinu samkvæmt samningi við Garðabæ um afnot af húsnæðinu.

Umgengisreglur þessar kveða á um starfsemi leigutaka í húsinu og umgengni um hið leigða sem og á svæðinu í heild.

Garðabæ er heimilt að bæta við eða breyta þessum reglum ef þess gerist þörf að mati bæjaryfirvalda. Áður en slík viðbót eða breyting er gerð skal haft samráð við leigutaka og þess gætt í hvívetna að breytingin raski ekki starfsemi leigutaka í húsnæðinu.

Afnot félaga

- Félög fá tiltekna daga/kvöld til afnota eitt ár í senn eða tímabilið sept. - ágúst.
- Bjarnastaðir verða settir upp sem fundarherbergi í rafrænu bókunarkerfi hjá Garðabæ og geta félög nýtt aðstöðu á Bjarnastöðum á öðrum tímum með því að hafa samband við þjónustuver Garðabæjar.
- Félög eða aðilar sem ekki eru með samning um afnot af Bjarnastöðum geta fengið afnot af húsnæðinu með umsókn til þjónustuvers Garðabæjar. Í umsókn skal koma fram heiti félags, tilgangur, tímasetning og nafn ábyrgðarmanns.
- Félög geta fengið afnot af læstum skápum.
- Félög ganga frá eftir sig að loknum fundum / loknum afnotum af húsnæði.
- Félög þurfa að taka tillit til annarra er hafa afnot af húsnæðinu.
- Netsamband á Bjarnastöðum. Félög þurfa sjálf að hafa meðferðis sk. netpung ef þörf er á því að tengjast netinu.
- Umsjónarmaður húss tekur að sér að sjá m.a. um ræstingu og fylgjast með því að hlutir séu á sínum stað. Umsjónarmaður húss kemur ábendingum um úrbætur áleiðis til starfsmanna bæjarskrifstofa Garðabæjar.
- Lyklar að Bjarnastöðum. Félög sem hafa gert samning um afnot af húsnæðinu á Bjarnastöðum fá afhenta tvo lykla að Bjarnastöðum. Hver lykill er með sér aðgangskóða að öryggiskerfi hússins þannig að rekjanlegt er hverju sinni hvaða félag er í húsinu. Lyklar eru einnig varðveittir í þjónustuveri Garðabæjar þar sem þeir eru afhentir þeim sem bóka húsið fyrirfram.

Starfsemin

Leigutaki skal sjá svo um að ekki sé rekin önnur starfsemi í húsnæði því sem hann hefur til ráðstöfunar en heimilt er samkvæmt leigusamningi. Einnig að sjá um að starfsemi hans í húsinu sé rekin í samræmi við góðar venjur og stuðla þannig að sem mestri og bestri umgengni um hið leigða. Hann skal:

- hafa starfsemi sína í húsinu innan þess daglegs tímaramma, sem Garðabær samþykkir og gefur út.

- ekki setja skilti, auglýsingar, plaköt, tilkynningar eða þess háttar á glugga eða í sameiginleg svæði, nema með samþykki umsjónarmanns húss.
- einungis nota húsnæðið til skrifstofuhalds og annarrar starfsemi félaganna sem hafa þar aðstöðu sem telst eðlileg miðað við hefðbundna starfsemi félaganna.
- Óheimilt er að vera með samkvæmi í húsinu, nema með samþykki umsjónarmanns húss.

Annað

Leigutaki skal gæta þess að aðhafast ekkert innan húsnæðisins sem verða má öðrum notendum húsnæðisins til truflunar eða ama. Hann skal ganga þrífalega um húsið og svæði utandyra umhverfis það.

Leigutaki skal ganga snyrtilega frá öllu rusli og losun í samræmi við fyrirmæli umsjónarmanns húss. Óheimilt er að skilja rusl eftir í sameign húsnæðisins eða sameiginlegu svæði.

Leigutaki skal hlíta breytingum á umgengisreglum þessum samkvæmt ákvörðun Garðabæjar hverju sinni.

Umgengisreglur þessar hafa verið samþykktar af bæjaráði Garðabæjar og taka þær gildi gagnvart einstökum leigutökum á Bjarnastöðum við undirritun þeirra á samningi um afnot húsnæðis þar.

Garðabæ, __. september 2015

_____(nafn)_____